

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 738/2013

2014/EES/12/19

frá 30. júlí 2013

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun tiltekinna aukefna í fiskhrognahliðstæður að stofni til úr þangi og þara (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Umsókn um leyfi fyrir notkun nokkurra aukefna í fiskafurðahliðstæður, að stofni til úr þangi og þara, var lögð fram 1. febrúar 2011 og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 4) Fiskhrognahliðstæður, að stofni til úr þangi og þara, hafa verið þróaðar úr útdrætti úr þangi og þara sem samsvarar um 85% af vörinni. Viðbótarinnihaldsefni eru vatn, krydd og leyfð aukefni. Fiskhrognahliðstæður, að stofni til úr þangi og þara, tilheyra matvælaflökki 04.2.4.1 „Aldina- og grænmetisblöndur, að undanskildu ávaxtamauki“ í samræmi við D-hluta skrár Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 5) Þar eð útlit þessara vara er ekki aðlaðandi er þörf á að nota tiltekin matvælaaukefni. Þörf er á að nota sætuefni til að stilla bragðið, fela beiskju og einnig til að koma í veg fyrir að notkun sykra takmarki örverufræðilegan

stöðugleika og geymsluþol þessara vara. Þar að auki er þörf á aukefnunum, sem óskað hefur verið eftir, sem bindiefnum og þráavarnarefnum.

- 6) Fiskhrognahliðstæðurnar, að stofni til úr þangi og þara, eru aðallega ætlaðar til notkunar sem skraut eða skreyting á réttum sem annar valkostur í stað fiskhrogna. Aukin váhrif vegna notkunar þessara aukefna væru því óveruleg í samanburði við notkun þeirra í öðrum matvælum og ólíklegt að hún hafi áhrif á heilbrigði manna. Því er rétt að leyfa notkun tiltekinna litarefna, sætuefna, þráavarnarefna og bindiefna í fiskhrognahliðstæður.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita áhlits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á kúrkúmíni (E 100), ribóflavíni (E 101), kókiníli, karmínsýru, karmíni (E 120), klórófýll- og klórófýllinkoparflökum (E 141), karamellubrónu (E 150a), viðarkolsvörtu (E 153), karótíni (E 160a), paprikukjarna, kapsantíni, kapsórúbíni (E 160c), β-apó-8'-karótenali (C 30) (E 160e), rauðrófulit, betaníni (E 162), antósýaníni (E 163), títandíoxíði (E 171), járnóxíði og -hýdroxíði (E 172), rósarínkjarna (E 392), fosfórsýru — fosfötum — dí-, trí- og fjölfosfötum (E 338–452) og sakkaríni og natríum-, kalíum- og kalsíumsöltum þess (E 954) í fiskhrognahliðstæðum, að stofni til úr þangi og þara, telst vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita áhlits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 8) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

VÍÐAUKI

Matvælaflökkir 04.2.4.1, „Aldima- og grænmetisblöndur, að undanskildu ávaxtamauki“ í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslur bættist við í númeraröð:

„E 100	Kúrkúmin	50		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 101	Ribóflavín	<i>efir þörfum</i>		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 120	Kókiníl, karmínsýra, karmín	100		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 141	Klórofýll- og klórofýllinkoparflokar	<i>efir þörfum</i>		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 150a	Karamellubrónt	<i>efir þörfum</i>		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 153	Viðarkolsvart	<i>efir þörfum</i>		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 160a	Karótín	<i>efir þörfum</i>		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 160c	Paprikukjarni, kapsantín, kapsórúbín	<i>efir þörfum</i>		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 160e	β-apó-8'-karótenal (C 30)	100		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 162	Rauðrófulítur, betanín	<i>efir þörfum</i>		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 163	Antósýanín	<i>efir þörfum</i>		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 171	Títandíoxíð	<i>efir þörfum</i>		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 172	Járnóxíð og -hýdroxíð	<i>efir þörfum</i>		Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 338 - 452	Fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt	1000	(1) (4)	Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 392	Rósmarínkjarni	200	(46)	Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara
E 954	Sakkarín og natríum-, kalcíum- og kalsíumsólt þess	50	(52)	Einungis fiskhrognahlíðstæður að stofni til úr þangi og þara“

2) Eftirfarandi neðanmálsgrein bættist við á eftir 34. neðanmálsgreini:

„(46) Sem summa karnósóls og karnósýru“